

## Byltingarárin 1945–1970

### Vísanir

Í Mattheusarguðspjalli 2, 13–14 segir svo: „Þegar þeir (þ.e. vitringarnir frá Austurlöndum) voru farnir, þá vitrast engill Drottins Jósef í draumi og segir: „Rís upp, tak barnið og móður þess og flý til Egyptalands. Þar skaltu vera uns ég segi þér, því að Heródes mun leita barnsins til að fyrirfara því.“ Hann vaknaði, tók barnið og móður þess um nóttina og fór til Egyptalands.”

Ljóð Snorra Hjartarsonar, **Ég heyrði þau nálgast**, vísar til þessarar helgisagnar. Ljóðið er úr bókinni *Lauf og stjörnur* frá 1966:

Ég heyrði þau nálgast  
í húminu, beið  
á veginum rykgráum veginum.

Hann gengur með hestinum  
höndin kreppt  
um tauminn gróin við tauminn.

Hún hlúir að barninu  
horfir fól  
fram á nóttina stjarnlausa nóttina.

Og ég sagði: Þið eruð  
þá enn sem fyrr  
á veginum flóttamannsveginum,

en hvar er nú friðland  
hvar fáid þið leynst  
með von ykkar von okkar allra?

Þau horfðu á mig þögul  
og hurfu mér sýn  
inn í nóttina myrkrið og nóttina.

### Verkefni:

- Til hvers notar skáldið þessa vísun? Hvað liggur að baki?
- Skoðaðu vel form ljóðsins, hvaða áhrif hafa endurtekningar í lok hverrar ljóðlínu? Af hverju sleppir Snorri komnum á milli endurtekninga?
- Af hverju fær ljóðmælandi ekkert svar í lok ljóðsins?